

27. apríl 1976.

293

Nr. 182.

## REGLUGERÐ

### um störf fræðslustjóra.

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Menntamálaráðuneytið setur eða skipar fræðslustjóra að fengnum tillögum fræðsluráðs, sbr. 13. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

##### 2. gr.

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga um fræðslumál í fræðsluumdæminu varðandi kennslu- og stjórnunarmál allra skóla sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Hann skal fylgjast með því að fylgt sé lögum, reglum og fyrirmælum um fræðslumál í þessum skólum.

Fræðslustjóri er ennfremur framkvæmdastjóri fræðsluráðs og forstöðumaður fræðsluskrifstofu.

Menntamálaráðuneytið samræmir störf fræðslustjóra í hinum ýmsu fræðsluumdæmum.

##### 3. gr.

Fræðslustjóri skal búsettur þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni.

##### 4. gr.

Fræðslustjóri tekur laun úr ríkissjóði samkvæmt gildandi kjarasamningum. Um kjör fræðslustjóra fer eftir kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

##### 5. gr.

Fræðslustjóri situr fundi fræðsluráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Skyld er formanni fræðsluráðs að boða ráðið til fundar ef fræðslustjóri óskar þess.

#### II. KAFLI

##### Rekstur fræðsluskrifstofu.

##### 6. gr.

Kostnað við rekstur fræðsluskrifstofu greiðir ríkissjóður og landshlutasamtök sveitarfélaga og skulu báðir aðilar greiða framlag sitt samkvæmt árlegri áætlun mánaðarlega fyrirfram inn á bankareikning hlutaðeigandi fræðsluskrifstofu. Um greiðslur vísast nánar til 85. gr. grunnskólalaga og reglugerðar um rekstrarkostnað grunnskóla.

## 7. gr.

Fræðslustjóri skal árlega gera áætlun um rekstrarkostnað fræðsluskrifstofu fyrir komandi rekstrarár sem er almanaksár. Áætlun fyrir næsta almanaksár skal leggja fyrir fræðsluráð til umsagnar eigi síðar en 15. febrúar og sendir ráðið áætlunina stjórn hlutaðeigandi landshlutasamtaka sveitarfélaga og menntamálaráðuneytinu innan mánaðar frá því er áætlunin berst.

## 8. gr.

Fræðslustjóri gerir tillögur til fræðsluráðs um ráðningu starfsfólks fræðsluskrifstofu.

## 9. gr.

Fræðsluskrifstofa annast greiðslu launa til þeirra starfsmanna fræðsluskrifstofu sem ekki taka laun beint úr ríkissjóði.

## 10. gr.

Fræðslustjóri eða starfsmaður fræðsluskrifstofu í umboði hans annast greiðslur, bókhald og reikningsskil vegna skrifstofunnar. Heimilt er þó, með samþykki eða að frumkvæði ráðuneytisins, að fela löggiltum endurskoðanda að annast bókhald, reikningsskil og gerð ársreiknings fræðsluskrifstofu og telst sá kostnaður með kostnaði við fræðsluskrifstofu.

## 11. gr.

Reikningar fræðsluskrifstofu skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum. Menntamálaráðuneytið tilnefnir annan þeirra og skal hann vera löggiltur en hlutaðeigandi landshlutasamtök sveitarfélaga tilnefna hinn. Starfstími endurskoðenda er sami og fræðsluráðs. Tilnefna skal með sama hætti varaendurskoðendur. Reikningar fræðsluskrifstofu skulu fyrst lagðir fyrir fræðsluráð en síðan sendir ásamt afgreiðslu þess menntamálaráðuneytinu og hlutaðeigandi landshlutasamtökum. Ráðuneytið úrskurðar reikningana endanlega.

## III. KAFLI

## Samskipti fræðslustjóra og skólanefnda.

## 12. gr.

Fræðslustjóri á rétt á að sitja fundi skólanefnda í umdæmi sínu með málfrelsi og tillögurétti. Ef fræðslustjóri óskar skal kveðja skólanefnd til fundar enda tilgreini hann hvaða mál hann óskar að leggja fyrir nefndina.

## 13. gr.

Skólanefnd ber að láta fræðslustjóra í té þær upplýsingar og þá aðstoð sem hann kann að óska svo að hann geti fylgst sem best með skólahaldi í skólahverfinu.

Fræðslustjóra ber að leiðbeina skólanefnd eftir því sem hann telur ástæðu til eða hún óskar.

Fræðslustjóri skal árlega vekja athygli skólanefnda og skólastjóra á ráðningar-ákvæðum starfsfólks grunnskóla, sbr. síðustu málsgrein 34. gr. grunnskólalaga.

## 14. gr.

Fræðslustjóri úrskurðar mál sem honum er sérstaklega falið að skera úr, sbr. ákvæði reglugerða og erindisbréfa um einstaka þætti í starfi grunnskólans.

## IV. KAFLI

## Framkvæmd skólaskyldu.

## 15. gr.

Fræðslustjóri sér um og hefur eftirlit með framkvæmd skólaskyldu í umdæmi sínu í samvinnu við menntamálaráðuneytið, skólanefndir og skólastjóra.

## 16. gr.

Sæki skólanefnd um tímabundna undanþágu frá því að uppfylla að fullu ákvæði grunnskólalaga um skólaskyldu, sbr. þó 88. gr. laganna (gildistaka), eða lágmarks-ákvæði um árlegan starfstíma skóla skal fræðslustjóri í samráði við skólanefnd gera áætlun um hversu úr megi bæta á sem fæstum árum. Að höfðu samráði við fræðsluráð leggur fræðslustjóri áætlunina fyrir menntamálaráðuneytið ásamt umsókn skólanefndar og umsögn sinni, sbr. 5. gr. grunnskólalaga.

## 17. gr.

Fræðslustjóri lætur fræðsluráði í té umsögn um óskir skólanefnda um að fullnægja með sumarskóla námsskyldu barna í 1.—6. bekk grunnskóla.

## 18. gr.

Nú getur nemandi eigi stundað skyldunám sakir fjárskorts og skal þá menntamálaráðuneytið, að fenginni umsögn viðkomandi fræðslustjóra, svo og öðrum þeim upplýsingum, er sanni ástæður nemandans, veita til þess styrk úr ríkissjóði.

## 19. gr.

Þegar ákvæði 88. gr. grunnskólalaga um 9 ára skólaskyldu eru komin til framkvæmda getur fræðslustjóri, að höfðu samráði við foreldra eða forráðamenn og skólastjóra, heimilað nemanda að gera um eins árs skeið hlé á námi að loknum 8. bekk grunnskóla enda taki þá nemandinn þátt í atvinnulífi. Lýkur nemandinn þá grunnskólanámi þeim mun síðar.

Nemandi, sem hefur gert hlé á námi og tekið þátt í atvinnulífi skv. 1. mgr., á rétt á að þau störf séu metin jafngild hluta af valgreinum 9. bekkjar enda sanni hann störf sín með fullgildum vottorðum atvinnurekanda. Verði ágreiningur um þessi atriði sker fræðslustjóri úr.

## 20. gr.

Fræðslustjóri skal, ef skólastjóri óskar þess, leitast við að leysa mál er stafa af óeðlilegum misbresti á skólasókn nemenda. Vilji forráðamaður barns ekki hlíta ákvörðun fræðslustjóra getur hvor aðili um sig vísað málinu til barnaverndarnefndar. Sjá einnig lög nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna með áorðnum breytingum og reglugerð skv. þeim nr. 105/1970.

## 21. gr.

Fræðslustjóri getur veitt tímabundna undanþágu frá því að barn sæki skóla ef knýjandi ástæður eru fyrir hendi enda mæli skólastjóri og skólanefnd með því að undanþága sé veitt og fylgist með því að barnið stundi nám.

## 22. gr.

Sé nemanda komið fyrir í öðru skólahverfi en þar sem lögheimili hans er og skóli þar getur ekki veitt nemandanum kennslu við hans hæfi, svo sem sérkennslu, ber skólastjóra að tilkynna það fræðslustjóra þar sem nemandinn dvelur sem tekur málið til úrlausnar.

## V. KAFLI

## Námsstjórn og námsmat.

## 23. gr.

Fræðslustjóri hefur með höndum almenna námsstjórn í grunnskólum fræðslu-umdæmisins og fylgist með árangri nemenda, hvort tveggja í samráði við skólarannsóknadeild menntamálaráðuneytisins.

## 24. gr.

Verkefni fræðslustjóra varðandi almenna námsstjórn eru m. a. þessi:

- 1) að sjá um að farið sé eftir gildandi námsskrám og að skólar starfi tilskilinn tíma,
- 2) að kynna sér aga, stjórn og uppeldisáhrif skóla. Virðist þessum atriðum ábóta vant skal fræðslustjóri ræða við skólastjóra, kennara og skólanefnd eftir því sem ástæður þykja til og gera ráðstafanir til úrbóta eftir því sem hann telur fært,
- 3) að fylgjast með að skýrsluhald og skjalavarsla skóla sé í góðu lagi,
- 4) að boða skólastjóra og kennara til fundar þegar honum þykir ástæða til,
- 5) að heimsækja skóla í umdæmi sínu eftir því sem tók eru á og hlýða á kennslu,
- 6) að kynna sér hvernig háttað er námi þeirra nemenda sem fengið hafa undanþágu frá skólaskyldu, sbr. 19. og 21. gr.

## 25. gr.

Fræðslustjóri skal hafa eftirlit með námsmati í grunnskóla, sbr. VII. kafla grunnskólalaga.

## 26. gr.

Fræðslustjóri skipuleggur ferðir fagnámsstjóra menntamálaráðuneytisins í umdæmi sínu í samráði við skólarannsóknadeild.

## VI. KAFLI

## Starfsfólk grunnskóla.

## 27. gr.

Þegar skólastjóra- eða kennarastaða losnar í skólahverfi ber skólanefnd að tilkynna fræðslustjóra það tafarlaust. Fræðslustjóri sendir tilkynninguna til menntamálaráðuneytisins sem auglýsir stöðuna.

Skólanefnd veitir viðtöku umsóknum um skólastjóra- og kennarastöður og sendir fræðslustjóra tillögur sínar og umsagnir um umsækjendur.

Verði ágreiningur milli skólastjóra og skólanefndar varðandi umsækjendur um kennarastöðu gerir hvor aðili um sig tillögur til fræðslustjóra.

Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um stöðuveitingar til menntamálaráðuneytisins ásamt umsögn sinni.

Forfallist skólastjóri grunnskóla lengur en tvo mánuði og sé enginn yfirkennari við skólann gerir skólanefnd í samráði við skólastjóra og fræðslustjóra tillögu til ráðuneytisins um ráðningu (setningu) í starfið þann tíma sem skólastjóri er forfallaður.

## 28. gr.

Telji skólastjóri að kennari eða kennari að skólastjóri hafi gerst brotlegur við lög þessi eða reglugerðir samkvæmt þeim getur hann vísað málinu til skólanefndar

sem beinir því sem skjófast til fræðslustjóra ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Nú telur fræðslustjóri að aðgerðir í málinu þoli enga bið og getur hann þá gert tafarlausar ráðstafanir til úrbóta um stundasakir en gefur þegar í stað skýrslu til menntamálaráðuneytisins sem tekur ákvörðun í málinu.

### 29. gr.

Fræðslustjóri úrskurðar ágreiningsefni sem upp kunna að koma milli skólustjóra og kennara og skólanefnd hefur vísað til hans.

### 30. gr.

Fræðslustjóri gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um trúnaðarmenn til aðstoðar við framkvæmd könnunarprófa. Ennfremur gerir fræðslustjóri tillögur um ráðningu prófdómara til starfa við námsmat í 9. bekk grunnskóla.

Fræðslustjóri gerir einnig tillögur til ráðuneytisins um skipun eftirlitsmanna með námsmati skv. 61. gr. grunnskólalaga.

### 31. gr.

Fræðslustjóri skipuleggur í umboði fræðsluráðs viðræðufundi fyrir nýja kennara, sbr. 12. gr. grunnskólalaga, 5. tl., og ræður leiðsögukennara þeim til aðstoðar í samræmi við reglur sem menntamálaráðuneytið setur og að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólustjóra.

Ráðuneytið setur leiðsögukennurum erindisbréf að höfðu samráði við Kennaraháskóla Íslands.

## VII. KAFLI

### Áætlanagerð, fjármál, skólahúsnæði.

#### 32. gr.

Fræðslustjóri skal safna upplýsingum um skólamál fræðsluumdæmisins að því er varðar skólahúsnæði, aðbúnað skóla og aðstöðu til skólalahalds, ennfremur um kennsluhætti, svo og örðugleika við að framfylgja ákvæðum námsskrár um kennslu í grunnskóla.

#### 33. gr.

Fræðslustjóri hefur umsjón með og leiðbeinir við gerð áætlana einstakra skólahverfa fyrir komandi rekstrarár grunnskóla að því er varðar fyrirkomulag kennslu og kennslustundafjölda, svo og gerð rekstraráætlana fyrir grunnskóla umdæmisins sama tímabil.

#### 34. gr.

Þegar fræðslustjóra hafa borist áætlanir skv. 33. gr. þessarar reglugerðar, sbr. og 82. gr. grunnskólalaga, skal hann endurskoða áætlanirnar og gera áætlun fyrir fræðsluumdæmið í heild og úrskurða jafnframt um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs innan ramma gildandi laga og reglugerðar. Um frávik og undanþágur ber að leita skriflegs úrskurðar menntamálaráðuneytisins.

Endurskoðaðar áætlanir sendir fræðslustjóri síðan til ráðuneytisins á þeim tíma sem það ákveður, svo og til hlutaðeigandi landshlutasamtaka. Jafnframt skal fræðslustjóri senda skólanefndum afrit endurskoðaðra áætlana.

Ef þörf krefur skal fræðslustjóri endurskoða áætlanir samkvæmt þessari grein við upphaf skólaárs.

## 35. gr.

Nú eru fyrirsjáanlegar breytingar á skólahaldi í einu eða fleiri skólahverfum fræðsluumdæmisins síðari hluta næsta almanaksárs (þ. e. fyrri hluta næsta rekstrarárs) eftir að áætlanir þessar eru gerðar og skal þá fræðslustjóri láta fylgja áætlunum til ráðuneytisins greinargerð um breytingarnar ef ætla má að þær hafi í för með sér kostnaðarbreytingar svo að nokkru nemi.

## 36. gr.

Fræðslustjóri fylgist með gerð rekstrarreikninga grunnskóla hjá sveitarfélögum og leiðbeinir reikningshöldurum um gerð reikninga eftir því sem þörf krefur.

## 37. gr.

Fræðslustjóri krefur sveitarfélög um endurskoðaða rekstrarreikninga grunnskóla fyrir 1. febrúar ár hvert. Skal hann yfirfara reikningana, úrskurða um greiðsluþáttöku ríkissjóðs innan ramma laga og reglugerða og gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir niðurstöðum.

## 38. gr.

Samningar um skólaakstur skulu vera skriflegir. Að því er varðar endurgreiðslu ríkissjóðs þarf samþykki fræðslustjóra. Samningar um heim- og heimanakstur grunnskólanemenda skulu vera skriflegir og sendast fræðslustjóra eigi síðar en mánuði áður en ráðgert er að skóli hefjist. Fræðslustjóri fylgist með skipulagi og framkvæmd skólaaksturs.

## 39. gr.

Menntamálaráðuneytið (greiðslu- og bókhaldsdeild) ávísar í fyrstu viku hvers mánaðar til skóla, sveitarfélags — eða þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa að rekstri grunnskóla þá til reikningshaldara skóla — áætluðum hluta ríkissjóðs í rekstrarkostnaði grunnskóla fyrir þann mánuð samkvæmt fyrirfram gerðri og samþyktri greiðsluáætlun.

Ennfremur ávísar ráðuneytið á sama hátt fyrir 15. júní ár hvert fjárhæð sem nægi til uppgjors á hluta ríkissjóðs í rekstrarkostnaði grunnskóla samkvæmt endurskoðunum og úrskurðuðum rekstrarreikningum næsta reikningsárs (almanaksárs) á undan.

Samrit af afgreiðslu menntamálaráðuneytisins sendist fræðslustjóra.

## 40. gr.

Skólanefnd og sveitarstjórn skulu hafa samráð við fræðslustjóra um tillögur til menntamálaráðuneytisins um byggingu skólamannvirkja, stækkun þeirra og endurbætur.

Telji fræðslustjóri skólahúsnæði ófullnægjandi gerir hann tillögur um úrbætur á því til hlutaðeigandi skólanefndar og sveitarstjórnar, svo og til menntamálaráðuneytisins.

## 41. gr.

Nú hyggjast tvö eða fleiri sveitarfélög byggja saman skólamannvirki og skal fræðslustjóri þá veita aðstoð við samninga um skiptingu stofnkostnaðar sé þess óskað.

## 42. gr.

Fræðslustjóri skal hafa eftirlit með því að ráðstöfun á skólahúsnæði brjóti ekki í bága við notkun húsnæðisins til skólahalds.

## 43. gr.

Fræðslustjóri skal fylgjast með því að vinnuframlag starfsmanna skóla og launa-uppgjör við þá sé í samræmi við gildandi kjarasamninga.

## VIII. KAFLI

## Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta.

## 44. gr.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra áætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðipjónustu í fræðsluumdæminu.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta lýtur stjórn hlutaðeigandi fræðslustjóra undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Ráðgjafar- og sálfræðipjónusta skal vera sérstök deild í fræðsluskrifstofu.

Um ráðningu starfsmanna ráðgjafar- og sálfræðipjónustu fer eftir reglugerð um ráðgjafar- og sálfræðipjónustu grunnskóla.

## 45. gr.

Nú æskja tvö fræðsluumdæmi eða fleiri að stofna til og reka sameiginlega ráðgjafar- og sálfræðipjónustu. Skulu þá hlutaðeigandi fræðsluráð gera um það samstarfssamning er öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur samþykkt hann.

## IX. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 46. gr.

Skólastjórar grunnskóla skulu árlega gera fræðslustjóra grein fyrir hversu háttáð var tómtunda- og félagslífi í skóla þeirra á næstliðnu skólaári.

## 47. gr.

Þeir aðilar, sem hafa með höndum stjórn heilsuverndar í skólum fræðsluumdæmisins, skulu hafa samráð við fræðslustjóra um skipulagningu heilsuverndar.

## 48. gr.

Vísi skólastjóri nemanda úr skóla um stundasakir skal hann tafarlaust tilkynna fræðslustjóra þá ákvörðun og hvaða orsakir lágu til hennar. Fræðslustjóri tekur þá málið til meðferðar samkvæmt 54. gr. grunnskólalaga í samráði við skólanefnd, sálfræðipjónustu og í samræmi við reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o. fl. í grunnskóla.

## 49. gr.

Fræðslustjóri getur heimilað einkaaðila í samræmi við 74. gr. grunnskólalaga að reka einkaskóla fyrir börn undir skólaskyldualdri enda fullnægi þeir ákvæðum sem lög og reglur setja um slíka starfsemi.

## 50. gr.

Fræðslustjóri fylgist með störfum einkaskóla í umdæmi sínu skv. 75. gr. grunnskólalaga.

## 51. gr.

Fræðslustjóri semur árlega og sendir ráðuneytinu skýrslu um störf sín á liðnu ári.

**52. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 87. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla og í 10. gr. laga nr. 55/1974 um skólahverfi, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið 27. apríl 1976.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Nr. 183.

27. apríl 1976.

**REGLUGERÐ**  
**um fræðsluráð.**

**I. KAFLI****Kosning og skipan fræðsluráða.****1. gr.**

Fræðsluráð starfa í fræðsluumdæmunum átta skv. 10. gr. laga nr. 63/1974 um grunnskóla.

Fræðsluráð Reykjavíkur fer jafnframt með hlutverk skólanefndar í Reykjavík, sbr. 18. gr. grunnskólalaga.

**2. gr.**

Fræðsluráð er kosið á fyrsta aðalfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum.

Borgarstjórn Reykjavíkur fer með hlutverk landshlutasamtaka samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

Landshlutasamtök skulu tilkynna menntamálaráðuneytinu skipan fræðsluráðs þegar að kosningu þess lokinni.

**3. gr.**

Fræðsluráð skal skipað 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun landshlutasamtaka, sbr. 11. gr. grunnskólalaga. Jafnframt kosningu aðalmanna skal kjósa jafnmarga varamenn í fræðsluráð.

Um kennarafulltrúa vísast til reglugerðar nr. 514/1975 um kennarafulltrúa í fræðsluráðum o. fl.

**4. gr.**

Fræðsluráð skal kosið til fjögurra ára.

Um kosningu fræðsluráðs fer að öðru leyti eftir samþykktum landshlutasamtaka og meginreglum sveitarstjórnarlaga.

**II. KAFLI****Fundarboðun og fundarsköp.****5. gr.**

Aldursforseti fræðsluráðsmanna kveður fræðsluráð saman til fyrsta fundar svo fljótt sem verða má eftir að það hefur verið kosið. Hann getur þó falið fræðslustjóra að annast fundarboðun.

Stefnt skal að því að fyrsta fund nýkjörins fræðsluráðs sækir allir aðalmenn.

Aldursforseti setur fyrsta fund nýkjörins fræðsluráðs og stjórnar síðan kosn-